

# Textíl

## 1.-4. bekkur

Textílkennsla í 1.-4. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá.

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist textílkennslan í eftirfarandi þætti: handverk, aðferðir og tækni, sköpin hönnun og útfærsla og menning og umhverfi og

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 4. bekkjar.

### Handverk, aðferðir og tækni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<b>Nemandi getur:</b> Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. Unnið úr nokkrum gerðum textílefna. Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	Einfaldar aðferðir, viðeigandi áhöld Nokkrar tegundir efna Einfaldar leiðbeiningar	Munnlegar leiðbeiningar Sýnishorn, bækur, alnetið. Sýnikennsla, verkefni við hæfi	Útsaumur, Vefnaður, Prjón, Náttúruleg efni Gerviefni

## Sköpun, hönnun og útfærsla

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<b>Nemandi getur:</b> Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.	Hugmyndavinna Einfaldar skreytingar Tegundir handverks, hugtök Upplýsingaleit	Skissugerð Umræður	Prjón Bækur Sýnishorn Sýnikennsla Útsaumur

## Menning og umhverfi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<b>Nemandi getur:</b> Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. Sagt frá nokkrum tegundum textílefna. Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna. Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.	Íslenskt hráefni Tegundir textílefna Klæðnaður, veður, athafnir, tilefni Ný og endurunnin efni	Bækur Sýnishorn Sýnikennsla	Ull Bómull/hör Umræður Afgangar